

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 22. nóvember 2023

Mál nr. S-229/2023:

## Ákærvaldið

(Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 27. október sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 25. apríl 2023, á hendur X, kt. [...], [...], Akureyri, „fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 9. ágúst 2022, ekið bifreiðinni [...], án nægilegrar varúðar vestur Strandgötu á Akureyri, og beygt bifreiðinni til vinstri í átt að Hofsbót án nægilegrar aðgæslu, án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu og gefa umferð gangandi nægilegan gaum með þeim afleiðingum að hann ók bifreiðinni á gangandi vegfaranda, Y, kt. [...], sem hlaut við það svo mikla áverka á höfði að hann lést um sólarhring síðar.“

Er brot hans talið varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu þess hluta sakarkostnaðar sem hlaut af meðferð málsins fyrir dómi. Þess er einnig krafist að ákærði sæti sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. gr. umferðarlaga.

- Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin. Hann krefst þess einnig að kröfu um sviptingu ökuréttar verði hafnað. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda ákærða.

## Málavextir

- Að morgni 9. ágúst 2022 hringdi ákærði í Neyðarlínuna og kvaðst hafa ekið á gangandi vegfaranda. Hann var í uppnámi og kvaðst halda að maðurinn væri látinn, hann hafi skolið með höfuðið í götuna. Samtalið tók 2 mínútur og 11 sekúndur og við lok þess var lögregla komin á vettvang.
- Vitnið A kom að slysinu og reyndi skyndihjálp en lögreglumenn tóku við þegar þeir komu á staðinn. Maðurinn, Y, var fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús.
- Ákærði var í miklu uppnámi og grét mikið. Á vettvangi kvaðst hann hafa ekið á um 15 km/klst. hraða en aldrei séð manninn. Hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð þar sem honum var dregið blóð, skýrsla tekin og hann látin laus að því loknu.
- Y komst ekki aftur til meðvitundar og lést næsta dag kl. 18:01. Niðurstaða réttarkrufningar var að rannsókn benti sterklega til þess að dánarorsök hans hafi verið

miklir höfuðáverkar og að útlit áverkanna samræmdust því að vera afleiðing falls á hnakka og herðar eftir ákeyrslu lítillar sendibifreiðar á hægri ferð.

- 7 Bifreiðin sem ákærði ók í umrætt sinn var skoðuð af starfsmönnum [...] án nokkurra athugasemda sem máli skipta. Upptaka úr öryggismyndavél BSO sýnir slysið og aðdraganda þess. Á grundvelli hennar og rannsóknar á vettvangi sviðsetti lögregla slysið og nýtti við það þá bifreið sem ákærði ók.

#### **Framburðir ákærða og vitna**

- 8 Ákærði kvaðst hafi farið til vinnu að morgni og átt að mæta hjá tannlækni í Hofsbót [...]. Hann hafi gleymt sér en fengið símtal þaðan og drifið sig af stað. Hann hafi þá verið orðinn of seinn og tannlæknirinn vitað það svo hann hafi ekki flýtt sér sérstaklega. Hann hafi stoppað á rauðu ljósi á gatnamótum Strandgötu og Glerárgötu og beygt svo til hægri, vestur Strandgötu. Áður en hann beygði til vinstri inn á bílastæðið við Hofsbót hafi hann horft í kringum sig, enginn bíll hafi verið að koma frá Hofsbót og enginn gangandi vegfarandi verið sjáanlegur. Hann kvaðst líklega hafa horft á gangbraut yfir Strandgötu og til hægri til að sjá hvort einhver kæmi úr Geislagötu og vísaði til þess að þetta væru slæm gatnamót. Hann hafi svo byrjað að beygja og ekið á Y með vinstra framhorni bifreiðarinnar. Hann hafi í fyrstu haldið að hann hafi ekið yfir hann og stöðvað bifreiðina og stokkið út. Ákærði hafi verið viss um að maðurinn myndi standa upp því hann hafi verið á svo lítilli ferð þegar hann ók á hann en svo séð að það fór að blæða úr höfði mannsins og þá strax hringt í 112. Ákærði hafi verið mjög skelkaður og rætt við starfsmann 112 þar til lögregla kom á vettvang. Á einhverjum tímamarki hafi kona á hlaupahjólum komið þarna að.
- 9 Ákærði kvaðst hafa verið á bifreið fyrirtækisins sem hann starfar hjá. Hann hafi verið búinn að aka henni í um tvö og hálf ár áður en þetta gerðist. Gluggapóstur séu breiðir og blindur punktur þannig að hann hafi þurft að rugga sér til að sjá vel sitt hvoru megin við hann. Hann kvaðst nokkuð viss um að það hafi hann gert í þetta sinn, það hafi verið orðið honum eðlislægt. Hann hafi horft vel í kringum sig en ekki séð Y. Ákærði kvaðst hafa þekkt svæðið og vitað af framkvæmdum þar. Þá kvaðst hann telja að hann hafi ekið á bilinu 8-20 km/klst. hraða, ekki hraðar en 20 km/klst.
- 10 Ákærði kvaðst hafa verið fluttur á lögreglustöð og frétt á leið þaðan að maðurinn myndi líklega ekki lifa af. Hann hafi átt mjög erfitt þennan dag. Vinur hans sem er sjúkraflutningamaður hafi tjáð honum að hann mætti koma á sjúkrahúsið að vitja Y. Það hafi hann gert og meðal annars rætt við hjúkrunarfræðing sem hafi útskýrt aðstæður fyrir honum og að Y myndi ekki lifa þetta af. Þá hafi hann fengið að fara inn á stofu Y, setið þar lengi hjá honum og hitt þar tvær frænkur hans. Næsta dag hafi honum verið tjáð að Y væri látinn.
- 11 Ákærði kvaðst í fyrstu hafa fengið áfallahjálp á vegum tryggingafélags síns og læknir ávísað honum svefnlyfi. Hann hafi ekki getað sinnt vinnu en reynt það tveimur eða þremur vikum eftir slysið. Það hafi ekki gengið og hann verið í leyfi til 22. september sama ár. Allt hafi verið mjög óraunverulegt og hann takist á við einn dag í einu. Enn

komi dagar þar sem hann glími við vanlíðan en hann eigi mjög góða fjölskyldu sem hann ræði opinskátt við um líðan sína og þau hafi veitt honum mikinn stuðning.

- 12 Vitnið B kvaðst hafa skutlað bróður sínum í klippingu á rakarastofu í Hofsbót þennan morgun og lagt þar fyrir framan. Þegar hann hafi ætlaði að bakka út úr stæðinu hafi maður gengið ógætilega aftan við bifreiðina þannig að hann hafi þurft að nauðhemla til að aka ekki á hann. Maðurinn hafi engin viðbrögð sýnt við því. Vitnið kvaðst hafa ekið hring í miðbænum og séð manninn liggja í götunni þegar hann kom aftur þar að. Hann hafi farið út og séð að hann var hreyfingarlaus og að það blæddi úr eyrum hans. Hann hafi athugað púls en ekki fundið, kona hafi komið að og reynt endurlífgun en lögregla komið fljótt og tekið við. Bílstjórinn hafi setið inni í bíl í áfalli. Vitnið kvaðst telja að það hafi verið sami maður sem lá á götunni og hafði gengið fyrir aftan bifreið hans skömmu áður.
- 13 Vitnið A kvaðst hafa komið að vettvangi á hlaupahjólí. Þar hafi maður legið á götunni og maður sem þar var staddur sagt að hann væri látinn. Hún hafi þó hafist handa við hjartahnoð þar til lögregla kom. Hún kvað ökumanninn hafa setið inni í bíl.
- 14 Vitnið lögreglumaður D kvaðst hafa komið á vettvang fljótt eftir að útkall barst. Þar hafi maður legið meðvitundarlaus á götunni og vitni reynt að hlúa að honum. Þeir hafi tekið við hjartahnoði og annarri aðstoð við manninn. Þegar frekari aðstoð barst hafi hann rætt við ökumanninn sem hafi verið í mikilli geðshræringu.
- 15 Vitnið lögreglumaður E kvað mann hafa legið í blóði sínu þegar hann kom á vettvang, kona verið að reyna endurlífgun og karlmaður staðið yfir þeim. Hann og félagi hans hafi tekið við og hnoðað hinn slasaða þar til frekari aðstoð barst. Hann hafi þá reynt að ræða við ökumanninn, ákærða, sem hafi verið grátandi í miklu uppnámi. Ákærði hafi talað um að hafa ekki séð manninn en heyrt dynk og farið út að athuga hverju það sætti og þá strax hringt í 112. Ákærði hafi lýst því að hafa verið á mjög lítilli ferð því að hann hafi verið að fara að beygja inn í Hofsbót. Rannsóknarlögreglumaður F hafi svo komið og rætt frekar við ákærða.
- 16 Vitnið lögreglumaður F kvaðst hafa rannsakað vettvang, meðal annars ljósmyndað og skannað með þrívíddarskanna og fengið upptökur úr öryggismyndavél við BSO. Þá hafi hann tekið skýrslu af ákærða. Ákærði hafi verið í miklu sjokki og talað um það strax á vettvangi að hafa ekki séð manninn. Vitnið kvaðst hafa annast sviðsetningu atburðarins eftir rannsókn á bifreiðinni sem ákærði ók umrætt sinn, til að kanna hvort það gæti staðist að ákærði hafi ekki séð manninn. Reynt hafi verið að líkja eftir atvikum eins og hægt var, út frá gögnum málsins, og umrædd bifreið notuð þar. Niðurstaða sviðsetningarinnar hafi verið að ákærði hafi ekki séð hinn látna áður en hann ók á hann. Kvaðst vitnið nær sannfært um það.

### **Niðurstaða**

- 17 Þrátt fyrir að fólk hafi verið á ferli þegar slysið varð var enginn sjónarvottur að því. Fyrir liggur upptaka af slysinu úr öryggismyndavél. Þar má sjá að rigning var þegar atvikið átti sér stað svo gatan var dökk vegna bleytu. Hinn látni var dökklæddur. Hann sést ganga nokkuð rösklega norður Hofsbót meðfram byggingarsvæði á norðvestur horni Hofsbótar og Strandgötu. Við enda byggingarsvæðisins gengur hann skáhallt í

norðaustur af stað yfir Strandgötu. Þó voru gangbrautir yfir Strandgötu fáeinum metrum frá, bæði austan og vestan megin við hann. Á meðan maðurinn er á leið yfir götuna er bifreið ekið norður Hofsbót og beygt til hægri austur Strandgötu. Þá er einnig steypubifreið með blikkandi ljós í innkeyrslu byggingarsvæðisins. Bifreið ákærða sést ekið vestur Strandgötu og beygt til vinstri á leið inn í Hofsbót, en hafna á manninum í beygjunni, á miðri Strandgötu.

- 18 Af upptökunni verður ráðið að ákærði var ekki á mikilli ferð og verður ekki séð að aksturslagið hafi verið óeðlilegt, enda ekki á því byggt af hálfu ákæruvalds.
- 19 Slysstaðurinn verður að teljast varhugaverður fyrir gangandi vegfarendur. Þarna tengjast götur og bifreiðastæði með illa afmarkaða innkeyrslu auk þess sem þar voru byggingaframkvæmdir á þessum tíma. Ökumaður þarf að fylgjast með mögulegum ferðum bifreiða vinstra megin frá, bæði af stæði BSO og úr Hofsbót, hvort gangandi vegfarendur séu við eða á gangbraut en einnig gæta að umferð frá hægri, úr Geislagötu nokkrum metrum vestar. Að auki var steypubifreið með blikkandi vinnuljós í innkeyrslu byggingarsvæðisins á horni Strandgötu og Hofsbótar sem kallar á athygli ökumanns. Aðstæður kröfðust þess þannig að ökumaður beindi athygli sinni í ýmsar áttir en ekki var ástæða fyrir hann að gera sérstaklega ráð fyrir gangandi vegfarendum á þeim stað þar sem maðurinn fór yfir götuna.
- 20 Miðað upptöku af sviðsetningu lögreglu á atvikinu, sem virðist samræmast vel fyrirbyggjandi upptöku og öðrum gögnum, sést sá sem kemur gangandi ekki úr bílstjóra-sætinu fyrr en rétt áður en bifreiðin lendir á honum, og sést þá aðeins í fætur hans um vinstri hliðarglugga. Í sviðsetningu sést reyndar skuggi mannsins nokkru áður, en þegar atvikið varð var gatan dökk af bleytu og því ólíklegt að skuggi hafi verið sýnilegur. Lögreglumaður F, sem annaðist sviðsetningu atviksins, kvaðst þess nær fullviss að ákærði hafi ekki séð til mannsins áður en hann ók á hann.
- 21 Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið sannað að ákærði hafi brotið gegn varúðarskyldum sínum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og valdið andláti Y með saknæmu gáleysi. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds.
- 22 Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ásgeirs Arnar Blöndal Jóhannssonar lögmanns, 1.684.332 krónur.